


13. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn í fundarherbergi Skóla- og velferðarþjónustu í Hveragerði þriðjudaginn 15. desember 2015 kl 16.00. Mættir voru: Bryndís Böðvarsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Hörður Óli Guðmundsson, Unnur Þormóðsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Ásmundur Lárusson, Sigurbára Rúnarsdóttir og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.

- Lögð fram til kynningar skýrsla um ytra mat skólaþjónustunnar unnin af Gerði G. Óskarsdóttur.** Þetta ytra mat á skólaþjónustu Árneshings fyrsta eina og hálfra ár starfseminnar bendir til markvissra vinnubragða og mikillar ánægju með starfseminna. Unnið verður úr gagnlegum ábendingum sem fram komu í skýrslunni á komandi ári.
- Lagt fram til kynningar samkomulag um tilraunverkefni Vinnumálastofnunar Suðurlands (VMST) og Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.** Verkefnið er ætlað til að virkja atvinnuleitendur sem eru á fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi og eru án atvinnuleysisbótaréttar. Vinnumálastofnun mun veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf og vinnumiðlun fyrir þennan hóp. Honum mun standa til boða vinnumarkaðsúræði á vegum VMST eins og starfsleitarnámskeið, virknifundir og sjálfstyrkingarnámskeið. Sveitarfélögin sem standa að samningum munu bjóða upp á starfsþjálfunarpláss. Í framhaldi að undirritun samnings mun fara fram endurskoðun á fjárhagsaðstoðarreglum hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings.
- Trúnaðarmál.** 3 mál skráð í trúnaðarmálabók.

Fundi slitið kl 17.15


Bryndís Böðvarsdóttir, formaður


Hörður Óli Guðmundsson



Bjarney Vignisdóttir


Sigurbára Rúnarsdóttir


Eyrún Hafþórsdóttir


Unnur Þormóðsdóttir


Ásmundur Lárusson


María Kristjánsdóttir